

**Landmælingar Íslands**  
**14 310**

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Landmælingar Íslands**  
**kt. 710169-3309**  
**Stílholti 16-18, 300 Akranes**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landmælingar Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin safnar, vinnur úr, varðveitir og miðlar landupplýsingum um Ísland.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 6 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 360,9 milljónir og afkoma kr. 28,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 40,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 93 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landmælinga Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landmælinga Íslands fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Akranes 12. ágúst 2019

Staður, dags.

Eydis Wíndal Finnbogadóttir

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	316.300.000	300.850.932
Seld þjónusta .....	4	4.654.813	3.921.897
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	34.481.589	15.093.949
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	5.463.335	5.137.927
<b>Tekjur samtals</b>		<b>360.899.737</b>	<b>325.004.705</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	6	238.891.193	234.396.426
Annar rekstrarkostnaður .....	7	88.405.118	82.615.304
Afskriftir .....	8	5.463.335	5.137.927
<b>Gjöld samtals</b>		<b>332.759.646</b>	<b>322.149.657</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>28.140.091</b>	<b>2.855.048</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		7.302	8.611
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(14.891)	(12.530)
		(7.589)	(3.919)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>28.132.502</b>	<b>2.851.129</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		28.539.167	16.179.093
Farartæki og vélar .....		5.861.173	6.920.635
Aðrar eignir .....		406.689	414.158
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>34.807.029</u>	<u>23.513.886</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	10	4.270.118	420.815
Tengdir aðilar .....	11	48.752.899	42.079.884
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	147.415	322.565
Handbært fé .....	13	5.001.575	4.878.382
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>58.172.007</u>	<u>47.701.646</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>92.979.036</u>	<u>71.215.532</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	14		
Hrein eign .....		40.498.526	12.366.024
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>40.498.526</u>	<u>12.366.024</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....	17	10.661.488	12.237.989
Ýmsar skammtímaskuldir .....	18	22.363.471	23.097.633
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	19	19.455.551	23.513.886
<b>Skuldir samtals</b>		<u>52.480.510</u>	<u>58.849.508</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>92.979.036</u>	<u>71.215.532</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	20		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		28.132.502	2.851.129
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	5.463.335	5.137.927
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(5.463.335)	(5.137.927)
		<u>28.132.502</u>	<u>2.851.129</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(3.674.153)	2.103.463
Skammtímaskuldir .....		(2.310.663)	10.727.906
		<u>(5.984.816)</u>	<u>12.831.369</u>
		<u>22.147.686</u>	<u>15.682.498</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(16.756.478)	(10.449.068)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		5.000	0
		<u>(16.751.478)</u>	<u>(10.449.068)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		(6.673.015)	(19.989.331)
Fjárfestingarframlag .....		1.400.000	10.449.068
		<u>(5.273.015)</u>	<u>(9.540.263)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		123.193	(4.306.833)
		<u>4.878.382</u>	<u>9.185.215</u>
		<u>5.001.575</u>	<u>4.878.382</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.



## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	317.700.000	306.100.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	(1.400.000)	(5.249.068)
Tekjufærsla fjárveitinga	316.300.000	300.850.932
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	5.463.335	5.137.927
	<b>321.763.335</b>	<b>305.988.859</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	316.900.000	0	0	316.900.000
Launbætur .....	800.000	0	0	800.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting .....	(1.400.000)	0	0	(1.400.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>316.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>316.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(288.167.498)	0	0	(288.167.498)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>28.132.502</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>28.132.502</b>

	2018	2017
<b>4 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	4.585.385	3.622.997
Ýmsar þjónustutekjur .....	39.428	91.200
Fræðslustarfsemi og fundir .....	30.000	207.700
	<b>4.654.813</b>	<b>3.921.897</b>

<b>5 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	3.976.289	3.042.357
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	29.206.743	11.815.336
Ýmsar tekjur .....	1.298.557	236.256
	<b>34.481.589</b>	<b>15.093.949</b>

<b>6 Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	192.924.617	189.637.644
Orlof, breyting .....	25.189	(432.107)
Launatengd gjöld .....	44.030.342	43.297.336
Starfsmannakostnaður .....	1.911.045	1.893.553
	<b>238.891.193</b>	<b>234.396.426</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	23,3	24,4
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2018	2017
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	537.733	841.090
Ýmis tæki og áhöld .....	997.042	2.000.045
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.863.919	230.234
Orkugjafar .....	1.974.866	1.934.424
Matvæli .....	1.428.034	1.299.442
Almennar rekstrarvörur .....	159.302	121.432
Vörukaup, almenn	6.960.896	6.426.667
Fundir, námskeið, risna .....	3.321.702	2.547.321
Ferðir, uppihald .....	8.500.085	8.582.196
Akstur .....	1.956.085	2.753.668
Sérfræðiþjónusta .....	6.204.833	6.669.741
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	48.669	36.799
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	319.946	377.619
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	471.452	342.371
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	20.822.772	21.309.715
Samningsbundin kaup og leiga .....	2.340.037	2.281.696
Afnotagjöld .....	15.771.845	15.589.828
Leigugjöld .....	33.134.144	30.868.562
Verkkaup .....	6.512.188	3.556.463
Kostnaðarhlutdeild .....	2.324.080	2.199.560
Áhættutap og bætur .....	35.396	0
Tryggingar, lögboðnar .....	228.945	101.370
Opinber gjöld .....	274.815	281.443
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	60.621.450	54.878.922
Annar rekstrarkostnaður samtals	88.405.118	82.615.304
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	2.482.116	2.598.522
Lækninga- og rannsóknartæki .....	1.914.288	1.754.842
Farartæki og vélar .....	1.059.462	777.094
Aðrar eignir .....	7.469	7.469
	5.463.335	5.137.927

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður .....	28.539.167	16.179.093
Farartæki og vélar .....	5.861.173	6.920.635
Aðrar eignir .....	406.689	414.158
	34.807.029	23.513.886

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018 .....	34.717.989	11.775.700	434.698	46.928.387
Viðbætur á árinu .....	16.756.478	0	0	16.756.478
	51.474.467	11.775.700	434.698	63.684.865
Afskriftir 1.1.2018 .....	18.538.896	4.855.065	20.540	23.414.501
Afskrift ársins .....	4.396.404	1.059.462	7.469	5.463.335
	22.935.300	5.914.527	28.009	28.877.836
Staða 31.12.2018 .....	28.539.167	5.861.173	406.689	34.807.029

	31.12.2018	31.12.2017
<b>10 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	4.270.118	420.815
	4.270.118	420.815
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	2.673.000	0
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	1.597.118	420.815
	4.270.118	420.815

### 11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	15.815.476	19.052.611
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	10.189.350	279.200
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	22.748.073	22.748.073
	48.752.899	42.079.884

### 12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	64.681	262.172
Skattar .....	82.734	60.393
	147.415	322.565

### 13 Handbært fé

Tékkareikningar .....	5.001.575	4.878.382
	5.001.575	4.878.382

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>14 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	12.366.024	(13.233.178)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	22.748.073
Afkoma ársins .....	28.132.502	2.851.129
Jöfnuður 31.12. ....	<u>40.498.526</u>	<u>12.366.024</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 22,7 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrir mælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
<b>17 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	10.661.488	12.237.989
	<u>10.661.488</u>	<u>12.237.989</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	10.661.488	12.237.989
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	0	0
	<u>10.661.488</u>	<u>12.237.989</u>
<b>18 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	22.341.155	22.315.966
Ógreidd laun .....	0	735.902
Önnur ógreidd gjöld .....	22.316	45.765
	<u>22.363.471</u>	<u>23.097.633</u>

## Skýringar

### 19 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	34.807.029	23.513.886
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(15.351.478)	0
	<u>19.455.551</u>	<u>23.513.886</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	23.513.886	0	23.513.886
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	1.400.000	1.400.000
Bókfært verð seldra eigna .....	0	0	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	5.000	5.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	16.756.478	(16.756.478)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(5.463.335)	0	(5.463.335)
	<u>34.807.029</u>	<u>(15.351.478)</u>	<u>19.455.551</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 6,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 20 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi húsaleigusamning sem rennur út 31. desember 2024 . Greiðslur eru bundnar byggingarvísitölu og er áætluð greiðsla næsta árs kr. 34 milljónir.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.